

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Vestur-Meðalholt, L165513, íbúðarbyggð.*

Um er að ræða tillögu deiliskipulags sem tekur til nýs íbúðarsvæðis í landi Vestur-Meðalholt. Skipulagssvæðið er staðsett suðaustan við Selfoss, milli Gaulverjabæjarveggar og íbúðarbyggðar í Ríma, og er um 20 ha að stærð. Aðkoma er um nýja vegtengingu frá Öndarholtsvegi. Á skipulagssvæðinu eru afmarkaðar 17 lóðir. Stærð lóða er frá 7.499 m<sup>2</sup> til 21.938 m<sup>2</sup> og er nýtingarhlutfall lóða skilgreint að hámarki 0,05. Byggingarreitir innan skipulagsins eru merktir B1-B2-B3 og gilda mismunandi heimildir innan þeirra. Innan lóða er almennt heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk þess sem heimildir eru fyrir skemmu og gripahúsi. Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 15. október 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 29. október 2024